



92

TÆKIFÆRI

## HALLA TÓMASDÓTTIR > Auður Capital

„Við verðum einhvern veginn að finna leiðir til að koma á markaði milli fjármagns og fólks með hugmyndir.“

Við erum sannarlega á tímamótum og sú hugmyndafræði og gildi sem við höfum byggt viðskipta- og fjármálalíf okkar á hafa reynst afar illa. Það eru margir sem útskýra þetta mikla efnahagslega hrun með tæknilegum ástæðum en ég hef mun meiri áhuga á hugmyndafræðinni og gildunum, sem gerðu það að verkum að flestir hafa tapað óskaplega miklum fjármunum,“ segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital.

Halla segir að öll áhersla á undanförunum árum hafi verið á skammtímasjónarmið og skammtímagróða. Hlutabréfajárfestingar séu hins vegar ekki í eðli sínu skammtímafjárfestingar.

„Það hefur einnig verið mjög mikil einsleitni. Kauphöllin okkar var nánast eingöngu samsett úr fjármála- og fjárfestingarfyrirtækjum og leiðtogar þessara fyrirtækja voru nokkurn veginn allir eins. Það hefur verið ofurtrú á eina töfralausn á Íslandi almennt séð, sjávarútvegurinn um tíma og svo álið og síðast fjármálageirinn,“ segir hún.

„Það er skoðun okkar hjá Auði Capital að það sé kominn tími á allt aðrar áherslur þegar kemur að fjárfestingum, hvort sem fjárfestirinn er einstaklingur eða fagfjárfestir. Núna þurfum við að horfa mun meira til lengri tíma og búa til atvinnulíf sem skilar af sér samfélagi sem er betra en ekki síðra þegar næstu kynslóðir taka við. Og í því sjónarmiði held ég að fjölbreytni sé lykilatriðið. Við þurfum að horfa miklu meira til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og minni fyrirtækjum og byggja upp fjölbreytt atvinnulíf. Ég held að fjárfestingartækifærin á næstu misserum verði meira á gráum markaði, vegna þess að við þurfum að byggja upp fyrirtæki sem síðar geta verið vænleg til skrásetningar á einhvers konar almenningshlutabréfamarkaði. Við þurfum fyrst og fremst að horfa til fyrirtækja sem búa til áþreifanleg verðmæti, en ekki til eignarhaldsfélaga í kringum fjárfestingar.“

Ég vona að með meiri langtímahugsun verði áherslan á sjálfbær fyrirtæki, sem græða í viðasta skilningi þess orðs, græða bæði peninga og græða líka samfélagið. Ég held að vegna þess að við höfum gengið í

gegnum svo ofsalega mikla kreppu þá muni fjárfestar gera miklu meiri kröfur um gegnsæi, góða stjórnarhætti, gott siðferði og fólk sem það trúir á þegar þeir velja fjárfestingarkosti. Hvort sem þú ert fagfjárfestir að leita þér að fyrirtæki til að fjárfesta í eða almennur fjárfestir sem ætla að setja fjárfestingar þínar í stýringu hjá einhverju fyrirtæki, þá munu kröfurnar aukast,“ segir Halla.

„Við verðum einhvern veginn að finna leiðir til að koma á markaði milli fjármagns og fólks með hugmyndir. Þetta er mun skynsamlegri leið til að byggja upp Ísland heldur en að leita að einni töfralausn. Ég óttast ekkert meira en að við teljum okkur koma auga á eina töfralausnina enn sem eigi að bjarga okkur út úr þessu, það yrðu okkar stærstu mistök,“ segir hún.

„Við eigum að einbeita okkur að sérstöðu landsins, sem er náttúran og allt í kringum hana, vistvæn orka og frumkvæði okkar og kraftur, ef við drepum það ekki niður í of mikilli gagnrýni. Í þessu felast mikil tækifæri. Ég held samt að tækifærin liggja ekki endilega í einstökum geirum. Þetta getur verið þekkingariðnaður, framleiðsla af ýmsum toga, ferðaþjónusta og fleira. Ég óttast dálítið að eftir allt sem undan er gengið að fólk hafi almennt misst trú á hlutabréfajárfestingum og muni því halda áfram að fjárfesta á skuldabréfamarkaðnum eða vera í innlánunum. Ef allt fjármagn fer í ríkisskjól, hér sem og annars staðar, munum við vera í miklu lengri og dýpri kreppu, heldur en ef okkur tekst að öðlast tiltrú fjárfesta á ný og beina peningum aftur í einkaframtakið. Það er einlæg von mín að við náum að byggja upp traust og trúverðuleika fjárfesta og þá ekki bara innlendra heldur erlendra einnig. Það gerum við seint með því að loka þá inni, eins og með núverandi löggjöf, þannig að ég vona að hún verði ekki lengi. Við þurfum erlent fjármagn hérna inn, því það er ekki nóg fjármagn til staðar hér til að byggja upp fyrirtæki. Við þurfum að taka áhættu og beina aftur fé inn í hlutabréf, en við þurfum að gera það með gagnrýnni huga en hingað til.“

